5. maí 2014

Atvinnuveganefnd Alþingis

Jón Gunnarsson formaður

Efni: Umsögn LS um frumvarp til laga um breytingu á lögum um veiðigjöld, nr. 74/2012, með síðari breytingum (veiðigjöld 2014/2015, afkomustuðlar). (Lagt fyrir Alþingi á 143. löggjafarþingi 2013–2014.)

Það er skoðun Landssambands smábátaeigenda að ekki sé sanngjarnt að uppfæra sömu aðferðafræði um veiðigjöld á alla útgerðarhópa sem nánast eingöngu veiða bolfisk, án þess að taka að fullu tillit til kvótaleigu, atvinnusköpunar í landi og endanlegs afurðaverðs. Vegna þessa er frumvarpið stórlega gallað og kallar á frekari vinnu við nýja aðferðafræði sem boðuð er.

Þá er það einnig skoðun LS að samtímis frumvarpinu verði að liggja fyrir boðað frumvarp um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða þar sem áformað er að gera samninga við hlutdeildarhafa um nýtingarétt og að byggt skuli á skiptingu aflaheimilda í tvo flokka; aflahlutdeildahafa og tímabundna úthlutun.

Í þriðja lagi vekur LS athygli á að með frumvarpinu um veiðigjöld eru ekki allar boðaðar tillögur um gjaldtöku á sjávarútveginn umfram aðrar atvinnugreinar komnar fram. Það þarf að liggja skýrt fyrir hvort stjórnvöld hafi í hyggju frekari skattlagningu, þ.e. skattlagningu á sjávarútveginn í heild sinni.

I. Ályktun aðalfundar LS

29. aðalfundur Landssambands smábátaeigenda 2013 samþykkti eftirfarandi um veiðigjöld:

> *„Aðalfundur Landssambands smábátaeigenda krefst þess að fyrstu 100 þorskígildistonnin verði undanskilin sérstöku veiðigjaldi og ½ gjald verði frá 100 að 200 tonnum.*
>
> *Aðalfundur LS mótmælir harðlega sérstöku veiðigjaldi á sjávarútveginn. Fundurinn dregur stórlega í efa að þessi gjaldtaka standist stjórnaskrá eða stjórnsýslulegar kröfur um skattlagningu. Fundurinn leggur til að LS kanni þann möguleika að ráðast í málsókn vegna sérstaks veiðigjalds og ef það er niðurstaða að sá möguleiki sé líklegur til árangurs, skal LS standa fyrir slíkri málsókn“*

Hverfisgata 105, 101 Reykjavík
s. 552 7922 – fax. 562 6590
ls@smabatar.is - www.smabatar.is

II. Fastur afsláttur lækkaður

Það er Landssambandi smábátaeigenda verulegt áhyggjuefni að ekki sé tekið tillit til sjónarmiða félagsins sem fram koma í framangreindri ályktun aðalfundar um hækkun afsláttarmarka á sérstöku veiðigjaldi. Í frumvarpinu er gengið svo langt að hámarksafsláttur gengur þvert á óskir smábátaeigenda í stað þess að hann sé varinn og hann hækkaður er gert ráð fyrir að afslátturinn verði aðeins helmingur þess sem hann er í dag. Lækkaður verulega, úr kr. 479.700 niður í 250.000.

III. Kvótaleiga utan kostnaðar við veiðar

Landssamband smábátaeigenda mótmælir því harðlega að við útreikninga á gjaldstofni hverrar fisktegundar skuli ekki tekið tillit til kostnaðar við leigu á aflaheimildum. Félagið telur það lýsa uppgjöf höfunda frumvarpsins að hafa ekki tekist á við þann þátt. Af þeim sökum eru útreikningar fyrir ýsu og þorsk rangir og ekki í takti við kostnað við veiðarnar.

Má í þessu sambandi benda á að krókaaflamarksbátar hafa það sem af er fiskveiðiárinu leigt til sín 2.367 tonn af ýsu úr aflamarkskerfinu og greitt fyrir um 700 milljónir sem myndað hafa tekjur hjá öðrum af tegundinni án þess að lagt hafi verið í kostnað við veiðar. Dæmið sýnir glöggt að verulega hallar þarna á einn útgerðarhóp þegar kemur til útreikninga á stuðli fyrir ýsu og þorsk.

- *Það er álit LS að vegna gríðarlegs kostnaðar við kvótaleigu eigi smábátar að vera undanþegnir sérstöku veiðigjaldi í ýsu og helmingsafsláttur verði veittur á sérstakt veiðigjald í þorski.*

IV. Engin lækkun veiðigjalda í þorski hjá minnstu útgerðunum

Veiðiheimildir smábáta eru að 82 hundraðshlutum samsettar í þorski, ýsu og steinbít. Meðfylgjandi línurit sýnir breytingu sem verður á veiðigjöldum í þessum tegundum. Eins og sjá má þá skilar lækkun veiðigjalda í þorski sér ekki til þeirra sem minnst hafa, þ.e. þeirra sem eru með veiðiheimildir innan við 30 tonn. Hjá þeim er með frumvarpinu settar meiri birðar þar sem þorskverð hefur lækkað en krónutala veiðigjalds er óbreytt.

- *LS fer þess á leit að fastur afsláttur verði hækkaður þannig að boðuð lækkun gangi einnig til aðila sem minnstar hafa veiðiheimildir.*

V. Samþjöppun og fækkun útgerða

Landssamband smábátaeigenda bendir á að verði frumvarpið óbreytt að lögum er hætta á aukinni samþjöppun og fækkun smærri fyrirtækja. Má í því sambandi benda á að útgerðum krókaaflamarksbáta með hlutdeild í þorski hefur fækkað um 10% á sl. 4 árum og á sama timabili hefur útgerðum með meira en 500 tonn í úthlutun fjölgað um helming.

Eins og sjá má á línuritinu verður hækkun á veiðigjaldi hjá þeim aðilum sem hafa aflamark í ýsu og steinbít. Vakin er sérstök athygli á þessu þar sem smábátar veiða 30% af allri ýsu sem veidd er og helming alls steinbíts. Þá sýnir línuritið einnig að eftir því sem útgerðir hafa hærra aflamark í þessum tegundum þeim mun meiri verður lækkunin (þorskur) og minni hækkun (ýsa, steinbítur). Verði frumvarpið að lögum mun það vinna gegn eftirfarandi ákvæði í stefnuskrá ríkisstjórnarinnar:

> *„Öflugt atvinnulíf er undirstaða vaxtar og velferðar. Ríkisstjórnin mun leggja kapp á að skapa starfsumhverfi sem ýtir undir fjárfestingu og fjölgun starfa, ekki síst hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum“.*



VI. Breytingar á afslætti vegna skulda

LS mótmælir ekki því sjónarmiði sem fram kemur i frumvarpinu að leita skuli jöfnuðar, þ.e. að sá afsláttur sem veittur hefur verið á sérstöku veiðigjaldi vegna skuldsetningar við kvótakaup verði endurskoðaður m.t.t. leiðréttinga sem gerðar hafa verið á lánum. Við þann þátt verður þó sérstaklega að huga að þeim skilmálum sem lánin færðust til, eignaviði og stórauknum fjármagnskostnaði við breytingu úr erlendri mynt í krónur.

LANDSSAMBAND
smábátaeigenda

VII. Heildarendurskoðun forsenda breytinga
Tillaga LS um eitt veiðigjald til bráðabirgða

Landssamband smábátaeigenda telur það afar slæmt að breytingar byggðar á vinnu við heildarendurskoðun laga um stjórn fiskveiða skuli ekki haldast í hendur við breytingar á lögum um veiðigjöld. Ennfremur að svo virðist vera að öll áform um skattheimtu á sjávarútveginn hafi ekki enn komið fram. Af þessum sökum og fleirum sem talin verða upp síðar í umsögninni skorar landssambandið á atvinnuveganefnd að gera eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Í stað 1., 2. og 3. gr. komi tillaga um almennt veiðigjald.
2. 4. gr. verði óbreytt m.t.t. til þess sem kemur fram í nýrri 1. gr.

Ný 1. gr. verði aðlöguð að eftirfarandi:

1. Útgerðir báta sem fá lægri úthutun en 150 þús. þorskíldi (150 tonn) greiði kr. 9,00 á hvert ígildi. (111 milljónir)*

2. Útgerðarfyrirtæki sem falla ekki undir 1. tl. þar sem úthlutað er minna en 250 þús. ígildi á hvert einstakt skip greiði kr. 12,50 á hvert ígildi. (89 milljónir)*

3. Fyrirtæki sem falla ekki undir 1. og 2. tl. þar sem úthlutað er minna en 500 þús. ígildi á hvert einstakt skip, greiði kr. 15,00 á hvert ígildi. (262 milljónir)*

4. Sjávarútvegsfyrirtæki sem ekki falla undir tl. 1, 2 og 3 þar sem úthlutað er minna en 750 þús. ígildi á hvert einstakt skip greiði kr. 17,00 á hvert ígildi. (283 milljónir)*

5. Útgerðarfélög sem falla ekki undir tl. 1, 2, 3 og 4 greiði kr. 19,00 á hvert ígildi fyrir hvert einstakt skip í þess eigu (6.227 milljónir)*

* byggt á úthlutuðu aflamarki í upphafi yfirstandandi fiskveiðiárs (381 m þ.ígildi).

Samkvæmt ofangreindum útreikningum sem byggðir eru á úthlutun á yfirstandandi fiskveiðiári verður heildarupphæð veiðigjalds 7 milljarðar verði þessi leið farin. Við þá tölu bætast m.a. gjöld v. kolmunna-, síldar-, loðnu- og makríls, auk þess sem tilheyrir úthlutun utan aflahlutdeildar.

Landssamband smábátaeigenda telur að með þessari breytingu verði hægt að tryggja áframhaldandi greiðslu veiðigjalds sem er í samræmi við það sem fram kemur í stefnuskrá stjórnvalda.
Ennfremur gefst tími til að vinna betur að heildarendurskoðun veiðigjalda sem aðlöguð verða að afkomu hvers útgerðarflokks m.t.t. kostnaðar við veiðar, verðmæta og síðast en ekki síst umhverfisskapandi þátta.
Nýtt frumvarp verði lagt fram samhliða heildarendurskoðun laga um stjórn fiskveiða þar sem m.a. komi fram útfærsla á samningi þjóðarinnar við aflahlutdeildarhafa um nýtingu auðlindarinnar. Veiðigjaldið yrði þannig hugsað sem afnotagjald, þ.e. gjald fyrir afnot af sameiginlegri auðlind þjóðarinnar með öllum þeim skuldbindingum sem því fylgja.

LS telur þessa málsmeðferð verða til sátta. Með henni haldast öll málefni sjávarútvegsins í hendur og greinin fær heildaryfirsýn yfir þær breytingar sem ætlað er að gera og verði þar með gert kleift að byggja sín framtíðarplön varðandi nýtingu auðlindarinnar á traustum grunni.

Eins og áður sagði er tenging hinnar nýju leiðar í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Meðal þeirra þátta eru:

- Fiskveiðistjórnunarkerfið verður yfirfarið, meðal annars með tilliti til hagkvæmni, öryggis og kjara sjómanna og umhverfisverndar.

- Ríkisstjórnin vill efla sátt um framtíðarskipulag greinarinnar.

- Áfram verður unnið með tillögu sáttanefndar sem starfaði á liðnu kjörtímabili um að samningsbundin réttindi um nýtingu aflaheimilda taki við af varanlegri úthlutun. Samningarnir feli í sér rétt til endurnýjunar að uppfylltum skilyrðum sem samningarnir kveði á um.

- Ríkisstjórnin mun leggja kapp á að skapa starfsumhverfi sem ýtir undir fjárfestingu og fjölgun starfa, ekki síst hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum.

- Lög um veiðigjald verða endurskoðuð. Almennt gjald skal endurspegla afkomu útgerðarinnar í heild en sérstakt gjald taka sem mest mið af afkomu einstakra fyrirtækja.

Úr athugasemdakafla 2 „Tilefni og nauðsyn lagasetningar“ í frumvarpinu er eftirfarandi texta að finna sem er í góðu jafnvægi við tillögu LS:

- „Íslensk sjávarútvegsfyrirtæki eru mörg hundruð talsins, stór og smá og mjög fjölbreytt. Oft ber mest á stærstu og öflugustu fyrirtækjunum sem reka í einni heild veiðar á mörgum skipum, fiskvinnslu í landi og söludeildir og nýta sér

þannig kosti samþættingar á veiðum og vinnslu og jafnvel öðrum þáttum virðiskeðjunnar. Þjóðhagslega er hins vegar mikilvægt að tryggja fjölbreytilegan rekstur í sjávarútvegi þar sem sveiflur eru miklar og tíðar og við slíkar aðstæður er mikill sveigjanleiki og breidd í rekstrarfyrirkomulagi kostur. Þannig er til þess að líta að einstaklingar og smáfyrirtæki eru oft mjög líkleg til að þróa atvinnu- og tekjuskapandi starfsemi fái þau svigrúm og aðstæður til þess. Því er mikilvægt að gjaldheimta í sjávarútvegi taki ekki eingöngu mið af afkomu þeirra fyrirtækja sem best gengur í rekstri því að það getur vegið að þeim fjölbreytileika sem er svo mikilvægur, en ljóst er að há veiðigjöld setja aukinn þrýsting á smærri aðila sem standa að ýmsu leyti veikar en þeir sem stærri eru. Þá er einnig mikilvægt að gjaldheimtan sé eins nákvæm og rétt stillt af milli ólíkra rekstrareininga og unnt er, til að tryggja áframhaldandi fjölbreytileika og hagkvæmni greinarinnar.

- Með frumvarpinu er leitast við að taka tillit til ólíkra sjónarmiða. Annars vegar er til þess að líta að eigandi auðlindarinnar, íslenska þjóðin, á rétt á sanngjörnu endurgjaldi fyrir heimildir til aðgangs að sjávarauðlindinni. Hins vegar er mikilvægt að ekki verði grafið undan möguleikum til hagkvæms rekstrar sjávarútvegsfyrirtækja sem m.a. getur ýtt undir hraða samþjöppun á aflaheimildum. Frumvarpið gildir einungis um álagningu veiðigjalda á komandi fiskveiðiári, en stefnt er að því að tillögur um framtíðarskipulag gjaldtöku í sjávarútvegi verði lagðar fyrir Alþingi á næsta löggjafarþingi.“

Að lokum er rétt að ítreka að samkvæmt orðum sjávarútvegsráðherra, í þættinum „Á Sprengisandi“ 2. mars sl., má ætla að enn sé ókomið frumvarp sem ætlað er að skattleggja sjávarútveginn í heild sinni.

Virðingarfyllst

Halldór Ármannsson formaður

Örn Pálsson framkvæmdastjóri